

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 100.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 89 13. marz 1970 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. apríl 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

Nr. 76.

4. apríl 1972

## G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

## I. KAFLI

## 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

## II. KAFLI

## 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 15.22 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

## 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 131.90 |
| b. Fyrir mæla allt að 1—2" .....            | — 296.00   |
| c. Fyrir mæla allt að 3" .....              | — 592.00   |

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	m <sup>3</sup>	Heimæðagjald			
Allt að	400	42 282.00 kr.			
400 —	2000	42 282.00	— fyrir	400 m <sup>3</sup> +	33 80 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
2000 —	6000	96 403.00	—	2000 — +	28 80 — — —
6000 —	10000	211 409.00	—	6000 — +	25 40 — — —
Meira en	10000	312 886.00	—	10000 — +	22 00 — — —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni, og skal þá greiða kr. 5 074.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaður breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöldum.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 25.00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 164 2. október 1962 ásamt síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. apríl 1972.*

Magnús Kjartansson.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

Nr. 77.

4. apríl 1972

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

## I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

## A. Lýsing.

- A 1. Um kwst.mæli á kr. 8.80 hver kwst.
- A 2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hver kwst. auk fastagjalds af gólfleti, er nemi kr. 44.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.
- A 3. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kwst.mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kwst. gjaldi samkv. A 1 og kwst. gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

## B. Almenn heimilisnotkun.

- B 1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
    - a. Orkugjald kr. 2.78 hver kwst.
    - b. Grunnjald (mælaleiga innifalin):
 

Af einfasamælingu .....	kr. 24.00 á mán.
Af þrifasamælingu .....	— 48.00 — —
c. Herbergisgjald .....	— 24.00 — —
- Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.
- Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.
- Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

## C. Vélanotkun.

- C. 1. Um kwst.mæli á kr. 4.85 hver kwst.
 

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kw. í málaun véla.